

# Frumvarp til laga

## um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

### 1. gr.

Ákvæði reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna, skulu hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu, sem samið er í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, er lagt til að reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna, verði tekin upp í innlandan rétt. Frumvarpið er lagt fram með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2004 frá 8. júní 2004 þar sem ákveðið var að breyta II. viðauka við EES-samninginn og fella umrædda reglugerð inn í samninginn. Með ákvörðuninni var ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna frá 7. desember 1998 um frjálsa vöruflutninga jafnframt felld inn í samninginn. Stjórnvöldum ber að taka tillit til ályktunarinnar við framkvæmd reglugerðarinnar en hana ber ekki að leiða í innlandan rétt.

### Aðdragandi, markmið og efni reglugerðarinnar

Reglugerðin á rætur að rekja til umræðna innan Evrópubandalagsins um skort á úrræðum vegna alvarlegra truflana á frjálsum vöruflutningum milli aðildarríkjanna og dóms Evrópu-dómstólsins frá 9. desember 1997 í máli nr. 265/95 sem laut að hindrun á frjálsum vöruflutningum. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að Frakkland hefði brotið gegn reglum Rómarsáttmálans um frjálsa vöruflutninga og meginreglunni um trúnað þar sem lögregla hefði ekki gripið til fullnægjandi aðgerða til að koma í veg fyrir hindranir franskra bænda á innflutningi jarðarberja frá öðrum aðildarríkjum Evrópubandalagsins.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruflutningum milli aðildarríkjanna, svo sem vegna vegatálmana eða eyðileggingar á varningi. Í reglugerðinni er annars vegar mælt fyrir um skyldur aðildarríkjanna til að grípa til nauðsyn-

legra aðgerða til að fjarlægja slíkar hindranir og hins vegar komið á fót kerfi upplýsingaskipta á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar eða eftir atvikum Eftirlitsstofnunar EFTA ef slíkra hindrana verður vart.

Reglugerðin nær aðeins til hindrana sem hafa í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum, valda einstaklingum sem þær bitna á alvarlegu tjóni og krefjast tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið sem um ræðir verði viðvarandi, breiðist út eða magnist, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Í 2. gr. reglugerðarinnar eru tekin af öll tvímæli um að reglugerðin hafi ekki áhrif á grundvallarréttindi, svo sem verkfallsrétt. Ef hindrun er fyrir hendi eða hætta er á hindrun í skilningi 1. gr. reglugerðarinnar skulu aðildarríki senda framkvæmdastjórninni eða Eftirlitsstofnun EFTA þær upplýsingar sem skipta máli og miðlar stofnunin þeim upplýsingum til annarra aðildarríkja, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Viðkomandi aðildarríki er jafnframt skylt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yferráðasvæði sínu og tilkynna stofnuninni um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til eða ætlunin er að grípa til, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Telji framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA að hindrun sé fyrir hendi skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu og óska eftir því að aðildarríkið geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema hindrunina innan tiltekins frests. Stofnuninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar opinberlega og skal aðildarríkið tilkynna henni um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til eða ætlunin er að grípa til innan tiltekins frests eða leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við ákvæði Rómarsáttmálans eða EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga.

Á árinu 2001 gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um framkvæmd reglugerðarinnar þar sem sjónum er beint að veikleikum hennar og gerðar tillögur að þremur leiðum til úrbóta. Ráðið tók m.a. undir tillögur framkvæmdastjórnarinnar um að gefnar yrðu út leiðbeiningar til aðildarríkjanna um nánari málsmeðferð ef hindrun á frjálsum vöruflutningum er fyrir hendi eða hætta er á slíkri hindrun. Gert er ráð fyrir að umræddar leiðbeiningarreglur verði gefnar út á fyrri hluta þessa árs.

### **Íslensk löggjöf og reglugerðin**

Samkvæmt 7. gr. EES-samningsins er íslenska ríkið skuldbundið til að taka reglugerðir Evrópubandalagsins sem slíkar upp í landsrétt.

Upphaflega var farin sú leið að innleiða reglugerðina með fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins til ríkislögreglustjóra. Það var gert á þeim grundvelli að rétt væri að ríkislögreglustjóri annaðist þær skyldur sem lagðar væru á íslensk stjórnvöld samkvæmt reglugerðinni, enda teldust þau tilvik sem reglugerðin fjallar um almennt til ólögumætra aðgerða. Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemd við þessa innleiðingu og vísaði meðal annars til þess að það hefði verið staðfest af Evrópuþómsstólnum að fyrirmæli innan stjórnsýslunnar, eins og þau sem um var að ræða, væru ekki fullnægjandi til innleiðingar á reglugerð. Í ljósi þessa var kannað hvort unnt væri að fella reglugerðina inn í gildandi löggjöf. Þar sem reglugerðin tekur ekki aðeins til aðgerða sem lögregla getur þurft að grípa til verður hún ekki felld inn í lögreglulög, nr. 90/1996. Þá verður ekki séð að efni reglugerðarinnar eigi heima í öðrum gildandi lögum. Til að fullnægja 7. gr. EES-samningsins er því lagt til að reglugerðin verði innleidd með sérstökum lögum. Þess má geta að sama leið var farin við innleiðingu reglugerðarinnar í Noregi, en þar var reglugerðinni veitt lagagildi með lögum um framkvæmd frjálsra vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins sem tóku gildi 4. mars 2005.

Samkvæmt lögreglulögum er hlutverk lögreglu m.a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að vernda hvers konar lögmæta starfsemi og stemma stigu við afbrotum, sbr. a. og b. liði 2. mgr. 1. gr. laganna. Hefur lögregla því heimildir til að grípa til aðgerða vegna ólögmætra hindrana á frjálsum vöruflutningum og er ekki þörf á breytingum á lögreglulögum vegna innleiðingar á reglugerðinni. Ef til staðar er hindrun í skilningi reglugerðarinnar eða hættu á slíkri hindrun er hugsanlegt að lögregla þurfi aðstoð stofnana á borð við Landhelgisgæsluna. Af 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands er ljóst að starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa heimild til að aðstoða lögreglu ef þörf er á aðgerðum vegna hindrana í skilningi reglugerðarinnar.

## Fylgiskjal I.

### REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2679/98

frá 7. desember 1998

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa

vöruflutninga milli aðildarríkjanna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Eins og kveðið er á um í 7. gr. a í sáttmálanum myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem einkum eru tryggðir frjálsir vöruflutningar í samræmi við 30.–36. gr. sáttmálans.
- 2) Brot á þessari meginreglu, eins og eiga sér stað þegar einstaklingar hindra með aðgerðum sínum frjálsa vöruflutninga í tilteknu aðildarríki, geta valdið alvarlegri röskun á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og valdið einstaklingunum, sem slíkt bitnar á, alvarlegu tjóni.
- 3) Aðildarríkin skulu, til að standa við þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum og einkum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, annars vegar láta ógert að samþykkja

ráðstafanir eða aðhafast eitthvað sem gæti orsakað viðskiptahindrun og hins vegar skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði sínu.

- 4) Slíkar ráðstafanir mega ekki hafa áhrif á grundvallarréttindi, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls.
- 5) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir neinar aðgerðir, sem kunna að vera nauðsynlegar í tilteknum tilvikum á vettvangi Bandalagsins, til að bregðast við vandamálum í starfsemi innri markaðarins, að teknu tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, þar sem það á við.
- 6) Aðildarríki hefur eitt til þess vald að viðhalda allsherjarreglu og standa vörð um innra öryggi, sem og til að ákvarða hvort, hvenær og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við aðstæður til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á eigin yfirráðasvæði við tilteknar aðstæður.
- 7) Upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um hindranir á frjálsum vöruflutningum skulu vera fullnægjandi og hröð.

- 8) Ef hindranir eru fyrir hendi á frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að koma aftur á frjálsum vöruflutningum eins fljótt og auðið er á yfirráðasvæði sínu til þess að forða því að röskun sú eða tjón, sem um er að ræða, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist sem og að hrun geti orðið í viðskiptum og samningsbundum tengslum sem að baki þeim liggja. Þetta aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og, ef eftir því er leitað, öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem það hefur gert eða hyggst gera til að ná þessu markmiði.
- 9) Framkvæmdastjórnin skal, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum, tilkynna viðkomandi aðildarríki um að það telji að brot hafi verið framið og skal aðildarríkið svara tilkynningunni.
- 10) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir fyrir samþykki þessarar reglugerðar en þær sem er að finna í 235. gr.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hindrun“: hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja, sem rekja má til aðildarríkis, hvort sem hún felst í aðgerð eða aðgerðarleysi af þess hálfu, er kann að fela í sér brot á 30.–36. gr. sáttmálans og sem:
- a) hefur í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum með því að koma í veg fyrir, áþreifanlega eða öðrum hætti, tefja eða beina annað innflutningi til, útflutningi frá eða flutningi í gegnum aðildarríki,
- b) veldur einstaklingunum, sem hún bitnar á, alvarlegu tjóni, og
- c) krefst tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið, sem um ræðir, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist,
2. „aðgerðarleysi“: þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis láta hjá líða að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, sem í þeirra valdi standa, til að fjarlægja hindrun, sem einstaklingar hafa skapað með aðgerðum sínum, og tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu.

##### 2. gr.

Ekki má túlka þessa reglugerð þannig að hún hafi nokkur áhrif á grundvallarréttindi, eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls. Til þessara réttinda getur einnig talist réttur eða frelsi til annarra aðgerða sem fellur undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum.

##### 3. gr.

1. Ef hindrun er fyrir hendi eða hættu er á hindrun
- a) skal hvert það aðildarríki sem býr yfir upplýsingum, sem skipta máli (hvort sem um er að ræða aðildarríki, sem hlut á að máli, eða ekki), þegar í stað senda þær til framkvæmdastjórnarinnar, og
- b) skal framkvæmdastjórnin þegar í stað senda aðildarríkjunum þessar upplýsingar ásamt hverjum þeim upplýsingum, fengnum eftir öðrum heimildum, sem hún telur að skipti máli.
2. Viðkomandi aðildarríki skal svara eins fljótt og unnt er beiðnum framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja um upplýsingar um eðli hindrunarinnar eða hættunnar og um það til hvaða aðgerða það hefur gripið eða hyggst grípa. Upplýsingar, sem fara á milli aðildarríkjanna, skal einnig senda til framkvæmdastjórnarinnar.

##### 4. gr.

1. Þegar hindrun er fyrir hendi skal viðkomandi aðildarríki, með fyrirvara um 2. gr.,
- a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði aðildarríkisins í samræmi við sáttmálann, og
- b) tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem yfirvöld þess hafa gripið til eða hyggjast grípa til.
2. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda upplýsingarnar sem hún fær, skv. b-lið 1. mgr., til hinna aðildarríkjanna.

##### 5. gr.

1. Telji framkvæmdastjórnin að hindrun sé fyrir hendi í aðildarríki skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu sinni og óska eftir því við aðildarríkið að það geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema fyrrnefnda hindrun innan frests sem hún ákvarðar með hliðsjón af því hversu brýnt málið er.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa hliðsjón af 2. gr. þegar hún kemst að niðurstöðu.
3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar, sem hún sendi viðkomandi aðildarríki, í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna og skal þegar í stað senda textann til allra aðila sem óska eftir því.
4. Aðildarríkið skal, innan fimm virkra daga frá viðtöku textans, annaðhvort:
- tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til til framkvæmdar 1. mgr., eða
  - leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við 30.36. gr. sáttmálans.
5. Í undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin heimilað lengingu á frestinum, sem greint er frá í 4. mgr., ef aðildarríkið leggur fram tilhlýðilega rökstudda beiðni, og rökin, sem það leggur til grundvallar, teljast fullnægjandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1998.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. FARNLEITNER

*forseti.*

## **Fylgiskjal II.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

### **Umsögn um frumvarp til laga um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

Frumvarp þetta felur í sér innleiðingu á EES-gerð sem tekur til reglugerðar Evrópuráðsins nr. 2679/98 frá 7. desember 1998, um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna. Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir alvarlegar hindranir á frjálsum vöruflutningum, svo sem vegna vegatálmana eða eyðileggingar á varningi. Lögfesting frumvarpsins ætti ekki að leiða til útgjalda fyrir ríkissjóð.